

LISTIR

Þorbjörg Pálsdóttir og Ásmundur Ásmundsson sýna verk sín á Kjarvalsstöðum

Styttur og ekki styttur, ögrun og ekki ögrun

ÞORBJÖRG Pálsdóttir og Ásmundur Ásmundsson, félagar í Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík, sýna verk sín um þessar mundir á Kjarvalsstöðum. Tílefini sýningarinnar er 30 ára afmæli félagsins, en Þorbjörg er elsti meðlimur félagsins og Ásmundur sá yngsti. Þorbjörg sýnir fólk; stórt fólk og lítið, unnið úr gífsi, en Ásmundur bæði málverk og skúlptúra. Sýninguna unnu þau saman, verk Þorbjargar eru eldri, en verk Ásmundar eru unnin sérstaklega fyrir þessa samsýningu.

Bládamaður settist niður með Þorbjörgu á kaffistofu Kjarvalsstaða þar sem umræðuefnið var auðvitað sýningin og samstarf þeirra tveggja. Við spjöllum um hennar verk þar til Ásmundur slæst í hópinn.

Þorbjörg: „Mér finnst gaman að sjá mynd mína Sorgina svona aftanfrá. Hún hefur alltaf snúð fram, og konan heldur fyrir andlit, sem sýnir betur hvað hún berst og á bág. En þegar var verið að setja sýninguna upp, þá sneri hún allt í einu bakinu í mig og ég sagði: Ekki hreyfa hana. Þetta er bara eins og allt önnur kona. Ég gerði þessa mynd þegar ég var búin að missa dóttur mína, 23 ára gamla. En það er líka glatt fólk hérna. Börn eru sem betur fer flestöll glöð, og sumum finnst, af því þetta fólk mitt er flestallt holt að innan, að þá sé einhver hryllingur við það. En af hverju er það holt að innan? Maðurinn minn var skurðlæknir og vann á Hvítabandinu. Hann hringdi einu sinni í mig og spurði mig hvort ég gæti ekki notað gífsbindi sem lægju þar og ætti að fara að kasta. Alveg ábyggilega sagði ég. Svo fékk ég gífsbindin og hugsaði með mér: Hvað get ég gert við þetta? Það var eins og ég hefði vitað fyrirfram hvað ég ætti að gera, ég byrjaði bara. Það blæddi úr höndunum á mér því ég var ekkert að nota hanska við þetta – hugsaði ekkert um það ég var svo

spennt. Ég bjó til tvær manneskjur, önnur eyðilagðist, en hin er skúr-ingakonan sem þú sást hérna, og þær eru báðar heilar eins og á að vera. Svo kom að þriðju myndinni. Ég ætlaði að gera mynd af miðdóttur minni sem er ákaflega hlédræg eins og ég var frameftir öllum aldri þar til ég lærði að bíta frá mér. Ég hugsaði með mér: Hvernig sýni ég það að hún sé hlédræg? Mér hefur alltaf fundist spennandi að glíma bæði við hreyfingarnar hjá fólkinu en líka að sýna hvernig því líður. Þá sló bara niðri mér að hafa hana bara hola. Ég gerði það og lét hana líka vera með hendurnar fyrir aftan bak. Síðan gerði ég mér grein fyrir því, að það var bara óþarfi að vera að sýna allt. Það er margt sem maður getur kastað frá sér og því einfaldara því betra. „Mér finnst gott ef ég á öllum sviðum. Þegar ég hlusta á sín-fónihljómsveit þá bið ég oft eftir því að það komi einsöngur eða einleikur.“

Blm: *Þetta fólk virkar allt svo sprellumandi, það er næstum eins og það sé á iði eins og litlu krakkarnir?*

Þorbjörg: „Mér finnst gott ef ég næ þannig til fólks að það finnur það og sér. Mig hefur aldrei langað til að búa til það sem er kallað stytta, fólk sem stendur bara upp og niður, alveg frosið. Það gefur mér ekki nokkurn skapaðan hlut og segir mér lítið að horfa á. Fólk er vant styttnum er eru kjurrar, en ég er bara svona ótamin. Fólk á ekki að jarma hvað eftir öðru, það getur verið stórhættulegt.“

Blm: *Hvernig hefur samstarfið við Ásmund gengið?*

Þorbjörg: „Það hefur bara gengið ljómandi vel. Það sýnir meira en það að við getum mæst í listinni í sannfærandi samvinnu. Það sýnir líka að þetta kynslóðabil, sem alltaf er verið að kjafta um, kemur helst frá fólki sem bara hefur kynnst sinni eigin kynslóð. Ég er svo heppin að búa í stórfjölskyldu; kannski síðasta



Morgunblaðið/Kristinn

Þorbjörg og Ásmundur og fleira fólk.

heimilinu þar sem þannig háttar til það gengur bæði upp og ofan, annað væri óeðlilegt. Það eru sex strákar á heimilinu og ein stúlka, sem dóttir mín og tengdasonur eiga, og svo eru það við hjónin. Ég kann þessu ákaflega vel. Ég get sagt sem dæmi, að stundum er það þannig eins og þar er þar sem börn og unglingar eru, að það er allt látið fara á gólf, úlpur stígvél og dót. Svo kem ég kannski inn á eftir, og ef ég er pirruð, þá bara klofa ég yfir þetta, en þegar vel liggur á mér, þá kannski hengi ég þetta upp. Maður þarf að læra að lifa með ólíkum kynslóðum, og það að gamalt fólk sé einhver viss sort af fé er bara vitleysa. Ég er sama manneskjan og ég hef alltaf verið, frá því ég var krakki. Jæja, þarna kemur Ásmundur. Það er störfum hlaðinn maður, enda með tvær aðrar sýningar í gangi.“

Blm: *Sæll og blessaður. Hvað viltu segja okkur um þín verk?*

Ásmundur: „Mín verk eru unnin útfrá verkum Þorbjargar og með henni fyrir þetta tílefini.“

Þorbjörg: „Steypan, Ásmundur, segðu frá henni.“

Áður en lengra er haldið stendur Ásmundur upp og nær sér í kaffi-

bolla, en Þorbjörg útskýrir þetta með steypana; verk Ásmundar, olíutunnur fullar af steinsteypu.

Þorbjörg: „Er það ekki þínulítið að koma á fólk á óvart og hneyskla, þetta með steypana. Mér finnst það ekkert ótrúlegt. Og að vera með múrstein og tasku. Ertu að storka fólk Ásmundur með því að hafa olíutunnurnar hérna fullar af steypu? Ef einhver er reiður og sparkar í þær, þá finnur hann að það er tekið á móti.“

Ásmundur: Jú, kannski, og svolítill uppreisn. Þegar ég sagði þér að ég ætlaði að gera þetta, þá sagðirðu: En af hverju? Það gerist ekki neitt. Mér fannst það einmitt það góða við það, að það gerist ekki neitt.“

Þorbjörg: „Þarna sérðu, þetta er svo spennandi, ég greip alveg andann á lofti. Ég hef líka verið að spekulera í því eftir að við kynntumst hvað þú talar mikið um tilgangssleysi og að hlutirnir eigi að vera verðlausir og einskis virði, og það er þínulítið eins og þú sért að gefa lífinu sem við lifum í dag svolítið spark. Það eru líka sumir sem segja: Það er alveg ömurlegt hvað hún Þorbjörg þarf alltaf að vera með hrjúf efni. Getiði ímyndað ykkur hvað það er ömur-

legt að fá alltaf í sig svona kjaftæði?“

Blm: *Við vorum að tala um styttur og þetta hreyfingarlaus, og mér fannst steyputunnurnar vera hið óhagganlega svar við styttnum.*

Ásmundur: „Já, það má segja það, þetta er steypuklessa, monumental steypuklessa.“

Þorbjörg: „Þetta er flott, einfaldasta svarið við svokallaðri styttnu.“

Ásmundur: „Það er eins með málverkin mín. Þau eru frumstæð, eiginlega bara klínungur, málningarklínungur. En það er ekki bara þungi í þessu, það er leikur í málningunni.“

Blm: *Finnst þér þú vera að ögra?*

Ásmundur: „Nei, í rauninni ekki, en ég kannast þó alveg við það. Málverkin eru innspírðuð af klámsíunum á Netinu. Ég hafði bara gaman af því að sjá þessa líkama, þar sem líkaminn er málaður og notaður til að mála með.“

Þorbjörg: „Þetta er ekkert klám. Hins vegar þyrfti ekki annað en ógeðslegan karl sem setti höndina á stúlkurnar. Hann gæti gert þetta að klámi á augnabliki. Þessar myndir eru alveg klámlausar. Stúlkurnar verða ekkert ógeðslegar fyrr en það kemur eitthvert ógeð utanfrá.“

Ásmundur: „Þú varst að tala um þetta ögrandi. Þegar ég er beðinn um að taka þátt í sýningu, þá er það fyrsta sem mér dettur í hug að gera eitthvað öfugt við það sem sagt var. En það er svolítið barnaleg ögrun. Og af því að þetta var Myndhöggvarafélagssýning, þá var það fyrsta sem mér datt í hug að mála. Þá væri upplagt að fara að mála. Auðvitað skiptir þetta engu máli, en þetta er svolítill ögrun, ögrunarinnar vegna. En það er engu að ögra þannig lagad. En mér fannst alveg viðeigandi að mála figúrur, það var innblástur frá fólkinu hennar Þorbjargar. Hún átti svo hugmyndina að Sófanum og Eldavélini sem eru hérna.“

Blm: *Er þetta umhverfi skapað fyrir fólk hennar Þorbjargar?*

Ásmundur: „Já, að einhverju leyti, í það minnsta byrjaði það þannig. Annars er sýningin talsvert mikið unnin í sameiningu, sérstaklega mín verk og uppröðunin á verkum Þorbjargar. Það tók okkur nokkra mánuði að undirbúa þetta.“

Sýning Þorbjargar Pálsdóttur og Ásmundar Ásmundssonar á Kjarvalsstöðum stendur til 5. maí. Sýningarsalur eru opnir alla daga frá kl. 10.00 til 17.00, en á miðvikudögum er opið til kl. 19.00.

„Tekur langan tíma að ná almenntri athygli“

ÍSLANDSDEILD IBBY-samtakanna afhenti Vorvinda viðurkenningar sínar sumardaginn fyrsta, hinn 25. apríl síðastliðinn. Þar hlaut Guðjón Sveinsson rithöfundur viðurkenningu fyrir framlag sitt til barna- og unglíngamanningar á Íslandi.

Guðjón á 35 ára höfundarafmæli í ár, en hann hefur skrifað á fjórða tug bóka fyrir börn og er ein sú þekktasta unglíngasagan *Órt rennur æskublóð* sem út kom árið 1972.

Í samtali við Morgunblaðið segist Guðjón hafa orðið glaður yfir því að hlottast þessi viðurkenning fyrir störf sín: „Ég varð barnslega glaður við það að fá þessa viðurkenningu þó svo að það vakni kannski sú spurning hvers vegna hún komi núna,“ segir Guðjón. „Það sem hefur kannski lagt mark sitt á reynslu mína af barna-

bókmenntaskrifum er hversu langan tíma það getur tekið að ná almenntri athygli fyrir það sem maður gerir. Það segja mér líka fróðir menn að leiðin sé enn lengri fyrir höfund sem ekki er í nánun tengslum við Reykjavík, en ég er búsettur á Breiðadalsvík. Það má kannski segja að tilfinningar mínar séu blendnar eftir 35 ára starf á sviðinu, því ég hef oft fengið góð viðbrögð við verkum mínum, bæði frá einstökum gagnrýnendum og lesendum, en á heildina lítið stendur maður alltaf frammi fyrir því hversu dauf umræða er hér um barnabókmenntir,“ segir Guðjón.

Bókin *Órt rennur æskublóð* vakti mikla athygli þegar hún kom út en þar er sögð þroskasaga unglíngs, sem er að móta sína sjálfmynd óháð viðhorfum foreldra og skólakerfis. Guðjón segist alla tíð hafa leitast við



Uppfærsla Leikfélags Kópavogs á Grimmsævintýrum vakti athygli.

að skrifa um krefjandi viðfangsefni fyrir börnin en bækur hans hafa verið sagðar vera nokkurs konar barnabækur fyrir fulloröna. „Minn texti er kannski í þyngra lagi fyrir börn, en ég geri ávallt þá kröfur að foreldrar og kennarar lesi bókmenntir með börnun og hjálpi þeim að takast á við krefjandi viðfangsefni og velta hlutunum fyrir sér.“

Grimmsævintýri í nýstárlegum búningi

Árlega veitir Íslandsdeild IBBY þrjár Vorvinda viðurkenningar. Auk Guðjóns hlaut Anna Gunnhildur Ólafsdóttir viðurkenningu fyrir barna- og unglíngaskáldsöguna

Niko en rætt var við höfundinn af því tílefini sl. föstudag.

Viðurkenningu Vorvinda á sviði leiklistar hlaut Leikfélag Kópavogs fyrir frumlega leikuppfærslu byggða á Grimmsævintýrum.

Verkið var hefur verið á fjöllum undanfarnar vikur og byggir m.a. á ævintýrunum um Hans og Grétu, Klaufa-Bárð, Rauðhettu og Mjallhvíti. Sýningin hlaut góða dóma gagnrýnenda og mun leikfélagið m.a. sýna það á leiklistarhátíð í Svíþjóð í sumar. Hörður Sigurðarson, formaður Leikfélags Kópavogs, segir hinar góðu viðtökur við sýningunni vera einkar ánægjulegar. „Sýninguna unnum við sem

spunaverkefni og nutum þar mjög góðrar leikstjórnar Ágústu Skúladóttur. Í sýningunni voru átta leikarar og tveir tónlistarmenn sem unnu spunann í skemmtilegu heildarsamspili. Ævintýrin sjálf nálgudumst við síðan út frá ákveðinni hugmyndafræði. Þegar verið er að bera ævintýri á borð fyrir börn nú á dögum, gætir oft ákveðinnar tilhneigingar með að sótthreinsa þau dálítið. Við erum á móti slíkri nálgun því með henni er oft verið að taka kjarnann úr ævintýrunum,“ segir Hörður. „Sýningin höfðaði jafnt til barna sem fulloröna, þó svo að þau hafi e.t.v. haft gaman af verkinu á dálítið ólíkum forsendum, enda virka hin sígildu ævintýri í raun á svo mörgum sviðum.“

Sýningum á Grimmsævintýrum er lokið í bili hjá Leikfélagi Kópavogs, en Hörður segir það líklegt að verkið verði tekið aftur til sýningar í kjölfar þátttöku leikfélagsins á leiklistarhátíð samtaka áhugaleikhússambanda Norðurlandanna í Svíþjóð í sumar.

DAG

Listasafn Íslands Leiðsögn um sýninguna Hin nýja sýn verður í dag milli kl. 12.10 og 12.40 í fylgd Rakelar Pétursdóttur, deildarstjóra fræðsludeildar safnsins. Á sýningunni er rússnesk list frá raumsæi til framúrstefnu úr Tretjanov-safninu í Moskvu (1880–1930).

● Sjá einnig Staður og stund á mbl.is